


The left side of the page features a series of vertical stripes in various shades of blue and light blue. Overlaid on these stripes are several blue circles of different sizes, arranged in a cluster that extends from the middle to the bottom of the page.

AKRANES

STARFSKRÖFUR 2010-2013

Hjördís Sigursteinsdóttir

Janúar 2020

EFNISYFIRLIT

MYNDASKRÁ.....	3
INNGANGUR	4
ÓJAFNT VINNUÁLAG	5
AUKAVINNA.....	6
VINNUHRAÐI	7
OF MIKIÐ AÐ GERA	8
ERFIÐLEIKASTIG VERKEFNA.....	9
ÞEKKINGARSTIG VERKEFNA	10
ÞEKKING OG HÆFNI	11
SKEMMTILEGA KREFJANDI VERKEFNI.....	12
GETAN TIL AÐ LEYSA VANDAMÁL	13
STARFSKRÖFUR.....	13
SAMANTEKT	15

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Er vinnuálag svo ójafnt að verkefnin hlaðist upp?.....	5
Mynd 2. Verður þú að vinna aukavinnu?.....	6
Mynd 3. Verður þú að vinna á miklum hraða?	7
Mynd 4. Hefur þú of mikið að gera?	8
Mynd 5. Eru verkefnin of erfið fyrir þig?.....	9
Mynd 6. Krefjast verkefnin meiri þekkingar en þú hefur?	10
Mynd 7. Nýtist þekking þín og hæfni í núverandi starfi?	11
Mynd 8. Býður starfið upp á skemmtilega krefjandi verkefni?.....	12
Mynd 9. Ert þú ánægð(ur) með getu þína til að leysa vandamál í vinnunni?	13
Mynd 10. Starfskröfur 2010-2013.....	14

INNGANGUR

Í þessari skýrslu eru starfskröfur skoðaðar fyrir árin 2010, 2011 og 2013. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013.


Skýrslunni er skipt upp í 11 hluta; (1) Inngangur, (2) Ójafnt vinnuálag, (3) Aukavinna, (4) Vinnuhraði (5) Of mikið að gera, (6) Erfiðleikastig verkefna, (7) Þekkingarstig verkefni, (8) Þekking og hæfni, (9) Skemmtilega krefjandi verkefni, (10) Geta til að leysa vandamál og (11) Samantekt.

Starfskröfur voru mældar með 9 spurningum; (1) „Er vinnuálag svo ójafnt að verkefnin hlaðist upp?“, (2) „Verður þú að vinna aukavinnu?“, (3) „Verður þú að vinna á miklum hraða?“, (4) „Hefur þú of mikið að gera?“, (5) „Eru verkefnin of erfið fyrir þig?“, (6) „Krefjast verkefnin meiri þekkingar en þú hefur?“, (7) „Nýtist þekking þín og hæfni í núverandi starfi?“, (8) „Býður starfið upp á skemmtilega krefjandi verkefni?“ og (9) „Ert þú ánægð(ur) með getu þína til að leysa vandamál í vinnunni?“. Svarmöguleikar voru; Mjög sjaldan eða aldrei, fremur sjaldan, stundum, fremur oft og mjög oft eða alltaf. Svarmöguleikum voru gefin tölugildi á bilinu 1 til 5 þar sem hærra gildi var verra en lægra gildi. Snúa þurfti kvarðanum á spurningum 7, 8 og 9 þannig að lesa mætti niðurstöðuna á saman hátt, þ.e. hærra gildi var verra en lægra gildi betra.

Reiknað var meðalskor fyrir allar níu spurningarnar og þannig fékkst samanburðarhæft gildi fyrir starfskröfur þannig að hærra meðaltal þýðir meiri starfskröfur og lægra gildi minni starfskröfur.

ÓJAFNT VINNUÁLAG

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Er vinnuálagið svo ójafnt að verkefnin hlaðist upp?“. Svarmöguleikar voru: Mjög sjaldan eða aldrei, fremur sjaldan, stundum, fremur oft og mjög oft eða alltaf. Reiknað var meðalskor fyrir þessa spurningu þannig að hærra gildi þýðir að vinnuálag var oftara svo ójafnt að verkefnin hlóðust upp. Meðaltalið sést ekki á mynd 1 en er notað í útreikninga fyrir starfskröfur.




Mynd 1. Er vinnuálag svo ójafnt að verkefnin hlaðist upp?

Hlutfall þeirra sem töldu vinnuálag mjög oft eða alltaf svo ójafnt að verkefnin hlóðust upp lá á bilinu 5,8-8,3%, hæst í fyrirlögninni 2013 og lægst í fyrirlögninni 2011, auk þess sem 17,5-25,7% til viðbótar töldu vinnuálag fremur oft svo ójafnt að verkefnin hlóðust upp.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni þá mældist hlutfall þeirra sem töldu vinnuálag mjög oft eða alltaf svo ójafnt að verkefnin hlóðust upp á bilinu 5,6-8,8%, lægst í fyrirlögninni 2010 og hæst í fyrirlögninni 2013, auk þess sem 14,3-19,3% til viðbótar töldu vinnuálag fremur oft svo ójafnt að verkefnin hlóðust upp.

AUKAVINNA

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Verður þú að vinna aukavinnu?“. Svarmöguleikar voru: Mjög sjaldan eða aldrei, fremur sjaldan, stundum, fremur oft og mjög oft eða alltaf. Reiknað var meðalskor fyrir þessa spurningu þannig að hærra gildi þýðir þurfa oftara að vinna aukavinnu. Meðaltalið sést ekki á mynd 2 en er notað í útreikninga fyrir starfskröfur.




Mynd 2. Verður þú að vinna aukavinnu?

Hlutfall þeirra sem varð mjög oft eða alltaf að vinna aukavinnu lá á bilinu 5,8-8,3%, hæst í fyrirlögninni 2013 og lægst í fyrirlögninni 2010, auk þess sem 9,4-14,9% til viðbótar varð fremur oft að vinna aukavinnu.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni þá mældist hlutfall þeirra sem varð mjög oft eða alltaf að vinna aukavinnu á bilinu 6,1-7,4%, lægst í fyrirlögninni 2011 og hæst í fyrirlögninni 2013, auk þess sem 10,8-13,5% til viðbótar varð fremur oft að vinna aukavinnu.

VINNUHRAÐI

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Verður þú að vinna á miklum hraða?“. Svarmöguleikar voru: Mjög sjaldan eða aldrei, fremur sjaldan, stundum, fremur oft og mjög oft eða alltaf. Reiknað var meðalskor fyrir þessa spurningu þannig að hærra gildi þýðir oftari að verða að vinna á miklum hraða. Meðaltalið sést ekki á mynd 3 en er notað í útreikninga fyrir starfskröfur.




Mynd 3. Verður þú að vinna á miklum hraða?

Hlutfall þeirra sem varð mjög oft eða alltaf að vinna á miklum hraða lá á bilinu 6,5-7,4%, hæst í fyrirlögnunum 2010 og lægst í fyrirlögninni 2011, auk þess sem 21,9-25,6% til viðbótar varð fremur oft að vinna á miklum hraða.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni þá mældist hlutfall þeirra sem varð mjög oft eða alltaf að vinna á miklum hraða á bilinu 8,8-11,2%, lægst í fyrirlögninni 2011 og hæst í fyrirlögninni 2013, auk þess sem 23,0-26,3% til viðbótar varð fremur oft að vinna á miklum hraða.

OF MIKIÐ AÐ GERA

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Hefur þú of mikið að gera?“. Svarmöguleikar voru: Mjög sjaldan eða aldrei, fremur sjaldan, stundum, fremur oft og mjög oft eða alltaf. Reiknað var meðalskor fyrir þessa spurningu þannig að hærra gildi þýðir hafa oftari mikið að gera. Meðaltalið sést ekki á mynd 4 en er notað í útreikninga fyrir starfskröfur.




Mynd 4. Hefur þú of mikið að gera?

Hlutfall þeirra sem hafði mjög oft eða alltaf of mikið að gera lá á bilinu 5,8-11,2%, hæst í fyrirlögninni 2011 og lægst í fyrirlögninni 2010, auk þess sem 11,8-17,8% til viðbótar hafði fremur oft mikið að gera.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni þá mældist hlutfall þeirra sem hafði mjög oft eða alltaf of mikið að gera á bilinu 10,2-14,3%, lægst í fyrirlögninni 2010 og hæst í fyrirlögninni 2013, auk þess sem 22,2-25,1% til viðbótar hafði fremur oft of mikið að gera.

ERFIÐLEIKASTIG VERKEFNA

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Eru verkefni of erfið fyrir þig?“. Svarmöguleikar voru: Mjög sjaldan eða aldrei, fremur sjaldan, stundum, fremur oft og mjög oft eða alltaf. Reiknað var meðalskor fyrir þessa spurningu þannig að hærra gildi þýðir að verkefni voru oft of erfið fyrir það. Meðaltalið sést ekki á mynd 5 en er notað í útreikninga fyrir starfskröfur.




Mynd 5. Eru verkefni of erfið fyrir þig?

Enginn merkti við að verkefni væru mjög oft eða alltaf of erfið fyrir það en 0,5-3,0% töldu verkefni vera fremur oft of erfið.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni þá mældist hlutfall þeirra þar sem verkefni voru mjög oft eða alltaf of erfið fyrir það á bilinu 0,3-0,5%, lægst í fyrirlögnunum 2010 og 2013 og hæst í fyrirlögninni 2011, auk þess sem 1,0-1,6% til viðbótar fannst verkefni fremur oft of erfið fyrir það.

ÞEKkingARSTIG VERKEFNA

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Krefjast verkefnin meiri þekkingar en þú hefur?“. Svarmöguleikar voru: Mjög sjaldan eða aldrei, fremur sjaldan, stundum, fremur oft og mjög oft eða alltaf. Reiknað var meðalskor fyrir þessa spurningu þannig að hærra gildi þýðir að verkefnin krefjast oftari meiri þekkingar en það hafði. Meðaltalið sést ekki á mynd 6 en er notað í útreikninga fyrir starfskröfur.




Mynd 6. Krefjast verkefnin meiri þekkingar en þú hefur?

Hlutfall þeirra þar sem verkefnin kröfðust mjög oft eða alltaf meiri þekkingar en það hafði mældist á bilinu 0,6-3,3% auk þess sem 1,6-4,2% til viðbótar taldi að verkefnin fremur oft kröfðust meiri þekkingar en það hafði.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni þá mældist hlutfall þeirra þar sem verkefninu kröfðust mjög oft eða alltaf meiri þekkingar en það hafði á bilinu 1,0-1,6%, lægst í fyrirlögninni 2010 og hæst í fyrirlögninni 2011, auk þess sem 1,5-2,2% til viðbótar taldi að verkefnin fremur oft kröfðust meiri þekkingar en það hafði.

ÞEKING OG HÆFNI

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Nýttist þekking þín og hæfni í núverandi starfi?“. Svarmöguleikar voru: Mjög sjaldan eða aldrei, fremur sjaldan, stundum, fremur oft og mjög oft eða alltaf. Reiknað var meðalskor fyrir þessa spurningu. Kvarðanum á þessari spurningu var snúið við þannig að hærra gildi þýðir að þekking þess og hæfni nýttist sjaldnar í núverandi starfi. Meðaltalið sést ekki á mynd 7 en er notað í útreikninga fyrir starfskröfur.




Mynd 7. Nýttist þekking þín og hæfni í núverandi starfi?

Hlutfall þeirra þar sem þekking þess og hæfni nýttist mjög sjaldan eða aldrei í núverandi starfi lá á bilinu 1,2-2,1%, hæst í fyrirlögninni 2010 og lægst í fyrirlögninni 2013 auk þess sem 0,0-2,9% töldu að þekking þess og hæfni nýttist fremur sjaldan í núverandi starfi.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni þá mældist hlutfall þeirra sem taldi að þekking þess og hæfni nýttist mjög sjaldan eða aldrei á bilinu 1,5-1,8%, lægst í fyrirlögninni 2011 og hæst í fyrirlögninni 2010, auk þess sem 1,2-1,4% til viðbótar taldi þekkingu sína og hæfni nýttist fremur sjaldan í núverandi starfi.

SKEMMTILEGA KREFJANDI VERKEFNI

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Býður starfið upp á skemmtilega krefjandi verkefni?“. Svarmöguleikar voru: Mjög sjaldan eða aldrei, fremur sjaldan, stundum, fremur oft og mjög oft eða alltaf. Reiknað var meðalskor fyrir þessa spurningu. Kvarðanum á þessari spurningu var snúið við þannig að hærra gildi þýðir að starfið bjóði sjaldnar upp á skemmtilega krefjandi verkefni. Meðaltalið sést ekki á mynd 8 en er notað í útreikninga fyrir starfskröfur.




Mynd 8. Býður starfið upp á skemmtilega krefjandi verkefni?

Hlutfall þeirra sem taldi starfið bjóða mjög sjaldan eða aldrei upp á skemmtilega krefjandi verkefni lá á bilinu 0,6-1,3%, hæst í fyrirlögninni 2011 og lægst í fyrirlögnunum 2010 og 2013, auk þess sem 1,3-4,7% til viðbótar taldi starfið bjóða fremur sjaldan upp á skemmtilega krefjandi verkefni.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni þá mældist hlutfall þeirra sem taldi starfið bjóða mjög sjaldan eða aldrei upp á skemmtilega krefjandi verkefni á bilinu 1,6-1,8%, lægst í fyrirlögninni 2011 og hæst í fyrirlögnunum 2010 og 2013, auk þess sem 3,4-3,6% til viðbótar taldi starfið bjóða fremur sjaldan upp á skemmtilega krefjandi verkefni.

GETAN TIL AÐ LEYSA VANDAMÁL

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Ert þú ánægð(u) með getu þína til að leysa vandamál í vinnunni?“. Svarmöguleikar voru: Að mjög miklu leyti, að miklu leyti, að einhverju leyti, að litlu leyti og að mjög litlu leyti. Kvarðanum á þessari spurningu var snúið þannig að hærra gildi er verra en lægra gildi sem þýðir að því hærra sem gildið er því sjaldan var viðkomandi ánægður með getu sína til að leysa vandamál í vinnunni.




Mynd 9. Ert þú ánægð(ur) með getu þína til að leysa vandamál í vinnunni?

Hlutfall þeirra sem var mjög sjaldan eða aldrei ánægð með getu sína til að leysa vandamál í vinnunni lá á bilinu 0,5-0,7, hæst í fyrirlögninni 2011 og lægst í fyrirlögninni 2010 auk þess sem 0,0-2,4% til viðbótar var fremur sjaldan ánægð með getu sína til að leysa vandamál í vinnunni.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni þá mældist hlutfall þeirra sem var ánægð með getu sína til að leysa vandamál í vinnunni á bilinu 0,6-0,7%, lægst í fyrirlögnunum 2011 og 2013 og hæst í fyrirlögninni 2010, auk þess sem 0,7-0,8% til viðbótar var fremur sjaldan ánægð með getu sína til að leysa vandamál í vinnunni.

STARFSKRÖFUR

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurningar um starfskröfur. Reiknað var meðaltal fyrir allar níu spurningarnar um starfskröfur, kvarðanum á spurningum 7, 8 og 9 var snúið við þannig að hærra meðaltal þýðir að gerðar eru meiri starfskröfur til starfsfólksins.



Mynd 10. Starfskröfur 2010-2013

Niðurstöðurnar sýna að starfskröfur mældust á bilinu 2,1-2,3 þar sem meðaltalið hækkaði úr 2,1 í fyrirlögninni 2011 í 2,3 í fyrirlögninni 2013. Þetta segir okkur að starfskröfur lækkuðu milli fyrirlagnanna 2010 og 2011 en hækkuðu milli fyrirlagnanna 2011 og 2013. Starfskröfur mældust hærri í lok rannsóknartímans en í upphafi.

Sjá má þegar horft er til allra sveitarfélaga í rannsókninni að starfskröfur hækkuðu milli fyrirlagnanna 2010 og 2011 en stóðu síðan í stað.

SAMANTEKT

Í skýrslunni voru starfskröfur skoðaðar fyrir árin 2010, 2011 og 2013. Breytingar milli ára metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga. Fjallað var um vinnuálag, aukavinnu, vinnuhraða, of mikið að gera, erfiðleikastig verkefna, þekkingarstig verkefna, þekkingu og hæfni, skemmtilega krefjandi verkefni og getu til að leysa vandamál.

Niðurstöðurnar sýna að starfskröfur mældust á bilinu 2,1-2,3 þar sem meðaltalið hækkaði úr 2,1 í fyrirlögninni 2011 í 2,3 í fyrirlögninni 2013. Þetta segir okkur að starfskröfur lækkuðu milli fyrirlagnanna 2010 og 2011 en hækkuðu milli fyrirlagnanna 2011 og 2013. Starfskröfur mældust hærri í lok rannsóknartímans en í upphafi. Sjá má þegar horft er til allra sveitarfélaga í rannsókninni að starfskröfur hækkuðu milli fyrirlagnanna 2010 og 2011 en stóðu síðan í stað.